



Starfsáætlun

2017 - 2018

***Heilsuleikskólinn
Kæribær***

Efnisyfirlit

Inngangur – Um leikskólann	2
Námsskrá.....	2
Starfsáætlun.....	3
Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	3
Innra mat leikskólans.	4
Áherslur leikskólans fyrir næsta leikskólaár.....	5
Markmið vetrarins í umhverfismálum.	5
Markmið vetrarins í Art.....	5
Markmið vetrarins í málrækt	5
Tónlist.....	5
Hreyfing.....	6
Markmið vetrarins í PALS.....	6
Könnunarleikurinn	6
Skipulagsdagar	7
Starfsþróunaráætlun.....	7
Starfsmannahópurinn	7
Barnahópurinn	8
Foreldrasamvinna	8
Samstarf leik og grunnskóla	9

Inngangur – Um leikskólann

Heilsuleikskólinn Kæríbær er staðsettur á Kirkjubæjarklaustri á stórri og góðri lóð. Kæríbær hóf starfsemi sína í núverandi húsnæði 1. október 1988. Frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á heilbrigðan lífsstíl og umhverfismennt. Kæríbær flaggaði Grænfánanum fyrstur skóla í Skaftafellssýslum 4. júní 2008. Þann 19. október 2010 var Kæríbær vígður sem Heilsuleikskóli og hefur síðan starfað formlega eftir heilsustefnunni <http://heilsustefnan.is/>

Viðhaldsvinna. Á árinu 2017 voru eldri húsgögn þússuð upp og máluð, ónýtt gormatæki (úti leikfang) var fjarlæggt, Vegg hilla sett upp, ungbarna stólar lagaðir og keypti tveir nýir, fjórum hölfum hefur verið bætt við í fataklefa, reglulega hefur verið skorið af skipadreglum og keyptur nýr, reykskynjarar og neyðarljós yfirfarin og keypt tvö ný slökkviliðstæki, límkiti lagað á gólfi við fataklefa, klemmuvarnir yfirfarnar og lagaðar og skóhilla löguð.

Námsskrá

Samkvæmt 13. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámsskrá fyrir leikskóla. Ný Aðalnámsskrá var gefin út af Mennta- og menningarmálaráðaneytinu 2011. Hver og einn leikskóli setur upp sína skólanámsskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Skólanámsskráin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans <http://kaeribaer.leikskolinn.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

Stefnt er á að endurskoða námsskrána í vetur.

Einkunnarorð leikskólans eru; *Okkar nám er leikur*. Þannig viljum við leggja áherslu á að allt nám sem fram fer í leikskólanum okkar fari fram í gegnum leikinn.

Starfsáætlun

Eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla nr. 90/2008 skulu þeir skila starfsáætlun til viðkomandi rekstraraðila. Þar er jafnframt kveðið á um að starfsáætlun skuli lögð fyrir foreldraráð leikskólans til umsagnar.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta. Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til formanns fræðslunefndar fyrir 1. september. Starfsáætlun er lögð fyrir sveitarstjórn til samþykkrar.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
 - Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
 - Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
 - Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
 - Skóladagatal fyrir árið.

Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og

aðalnámskrár leikskóla.

- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans.

Innra mat leikskólans.

Fyrir hverja viku er sett upp myndræn upplýsingatafla fyrir börn, starfsfólk og foreldra þar sem fram koma áætlanir um verkefni vikunnar.

Svefntími yngstu barnanna ásamt upplýsingum um matarlyst og mætingu allra nemenda er skráð á karellen sem er skráningarkerfi tengt heimasíðu leikskólans. Tvisvar á ári, á starfsdegi í apríl og nóvember, eru upplýsingar um stöðu barnanna í hreyfingu, félagsfærni og myndsköpun færðar inní Heilsubók barnsins. Þær upplýsingar eru síðan kynntar foreldrum í viðtölum í beinu framhaldi.

Hljóm-2 (athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna) var lagt fyrir elstu börnin í byrjun nóvember og aftur í janúar ef þörf er á.

ECERS er viðurkenndur kvarði til að meta leikskólastarf fyrir þriggja til sex ára börn. Hann verður lagður fyrir allt starfsfólk í janúar 2018.

Elstu börnin lögðu mat á leikskólann sinn. Það var gert á myndrænan hátt. Börnunum vor sýndar myndir og spurt var leiðinni spurninga eins og „Hvað lærir þú í leikskólanum?“ „Hverju mátt þú ráða í leikskólanum?“ og „Hvað gerir fullorðna fólkið í leikskólanum?“. Þau eru líka spurð um það í hverju þau vilja vera góð í og hvað sé skemmtilegast og leiðinlegast og hvar þeim finnist best að leika sér og hvar leiðinlegast og hvað þeim finnist best að borða.

Áherslur leikskólans fyrir næsta leikskólaár

Markmið vetrarins í umhverfismálum.

Markmið vetrarins í umhverfismálum verður sem fyrr endurvinnsla. Viðfangsefnið í verkefninu Skóli á grænni grein er orka og er markmiðið að kynnst ýmiskonar orku t.d. hvað líkaminn þarf til að fá orku og raforku. Viðfangsefnið verða rædd á umhverfisnefndarfundum vetrarins og er aldrei að vita hvert þeir fundir bera okkur.

Markmið vetrarins í Art

Síðasta vor fékk leikskólinn afhenta ART vottun til þriggja ára. ART teymið mætti á vorhátíð skólans og afhenti skjál í viðurvist foreldra, barna og starfsfólks skólans.

- ART stendur fyrir Aggression Replacement Training
- ART er fastmótað, uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það markmið að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda.

Art kennsluefnið verður notað í vetur með tveimur elstu árgöngum leikskólans.

Markmið vetrarins í málrækt

Málrækt á sér stað allan daginn, ekki síst við daglegar athafnir s.s. við matarborðið. Á starfsárinu 2017-2018 ætlum við leggja áherslu á Lubba efnið. Því til viðbótar höfum við námsefnið Leikum og lærum með hljóðin og sögugrunninn. Fátt er mikilvægara fyrir persónu-, félags-, og vitsmunapróska einstaklings en að ná góðum tókum á tungumálinu og geta notað það til fjölbreyttra og gefandi samskipta. Til að fylgjast með málþroska barnanna skráum við stöðu barnanna tvisvar á ári á TRAS skráningarlista fyrst þegar barnið er um 2,2 ára og síðast þegar barnið er um 4,8 ára. Einnig gerum við Hljóm-2 athugun hjá elstu nemendum.

Tónlist

Ásamt því að syngja í samverustundum kemur tónlistarskólastjórinn einu sinni í viku til okkar og spilar á gítar og syngur með okkur nokkur lög.

Hreyfing

Ásamt því að nota okkar stóru lóð til að hreyfa okkur förum við reglulega út fyrir leikskólalóðina í gönguferðir. Einu sinni í viku förum við svo í íþróttahúsið þar sem íþróttakennari grunnskólans er með hreyfistund fyrir okkur.

Markmið vetrarins í PALS

Tvisvar í viku er PALS hjá nemendum í tveimur elstu árgöngunum.

PALS aðferðin fyrir leikskóla var þróuð af Doug Fuchs, Ph.D. og Lynn Fuchs, Ph.D. í peabody College við Vanderbilt University í Tennessee-fylki.

Markmiði er að þjálfa samtímis hóp af nemendum í stafþekkingu með jafningjamiðlaðri nálgun (félagakennslu). Nemendur eru paraðir saman og skiptast þeir á að vera kennari (þjálfari) og nemendur (leikmenn).

Hlutverk þjálfara er að leiða leikmanninn gegnum verkefnin með því að:

- Lesa leiðbeiningar spilaspjaldsins fyrir hann
- Aðstoða hann við að finna svörin

Hlutverk leikmanna er að:

- Fylgja fyrirmælum þjálfara
- Vinna verkefnin á spilasjaldinu

Aðra vikuna er K-PALS sem er læsiskennsla og hina vikuna er PALS sem er stærðfræðiaðferð.

Könnunarleikurinn

Í vetur byrjum við með könnunarleik fyrir yngstu nemendurnar okkar þ.e. árgang 2016 þau eru átta og er þeim skipt í tvo hópa þannig að hver nemandi fær einn tíma í viku.

Könnunarleikur gengur útá að börnin fái að kanna sjálf hvernig hlutir eru og hvað er hægt að gera með þeim.

Könnunarleikur “Heuristic play with objects”. Heuristic er að uppruna gríska orðið “eurisko” og þýðir “til að uppgötva” eða “öðlast skilning á.....” sem lýsir nákvæmlega því sem þessi börn eru að gera. Með því að nota þetta óvenjulega orð er á virðulegan hátt vakin athygli á því hve leikur barnanna er merkilegur og mikil reisin yfir honum. Þau starfa af eigin hvötum ef þau fá viðeigandi hluti, sjálf og fyrir sig sjálf, án þess að fullorðnir stýri þeim.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar verða fimm á skólaárinu 2017-2018 ásamt haustþingsdegi. Fyrst var skipulagsdagur í ágúst og svo vikunni á eftir var sameiginlegur starfsdagur skólastiganna. Í október var haustþing leikskóla á Suðurlandi á Selfossi. Starfsdagur verður 1. Desember sem notaður er til skráninga í heilsubækur og 20. apríl sem einnig notaður til skráninga í heilsubækur, Fimmti starfsdagurinn er 11. maí, þá er stefnt á námskeiðið „Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar“ fyrir allt starfsfólkið.

Starfsþróunaráætlun

Starfsþróunarsamtöl eru formleg einu sinni á ári og hefjast um miðjan janúar og lýkur þeim um miðjan febrúar. Leikskólastjóri tekur þessi viðtöl, notar eyðublöð til stuðnings og afhendir starfsmönnum tíu dögum áður en viðtalið er tekið.

Leikskólastjóri tekur síðan saman yfirlit og rita báðir aðilar undir og hefst viðtalið á því að farið er yfir það sem rætt var um árinu áður, hvað hefur gengið vel og hvað má ennþá bæta.

Starfsmannahópurinn

Veturinn 2017-2018 verða sex 100% stöður við leikskólann og afleysing. Þar inni er stjórnunarþátturinn sem reiknast u.þ.b. 70% og eldhússtörf og sérkennsla 30%. Auk þess er ræstítæknir. Leikskólastjóri er með leikskólakennaramenntun og hefur einnig tekið 70 einingar af meistaranámi í stjórnun menntastofnanna. Deildarstjóri hefur háskólamenntun frá Portúgal, Þriðji

starfsmaðurinn hefur lokið stúdentsprófi og búfræðimenntun, fjórði hefur grunnskólakennaramenntun frá Grikklandi, fimmti og sjötti starfsmennirnir hafa stúdentspróf.

Barnahópurinn

Barnahópurinn nóvember 2017 er:

Fjögur börn fædd 2012, fjögur börn fædd 2013, fimm börn fædd 2014, fjögur börn fædd 2015 og átta börn fædd 2016. Samtals eru þetta 25 börn 12 drengir og 13 stúlkur. Eitt barn á pólska foreldra. Eitt barn á annað foreldrið frá Noregi.

Foreldrasamvinna

Miðlun upplýsinga til foreldra fer að mestu fram með daglegum samskiptum, á heimasíðu leikskólans, töflu í fataherbergi, með tölvupósti og í gegnum facebook síðu. Heimasíðan er: <http://www.leikskolinn.is/kaeribaer/>

Einn foreldrafundur er yfir skólaárið, í september. Við leikskólann starfar foreldraráð með þremur fulltrúum foreldra og er það kosið á foreldrafundi í september. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans s.s. starfsáætlun sem þessa. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008)

Foreldrum er boðið uppá viðtal tvisvar sinnum á ári þar sem m.a. er farið yfir skráningar í Heilsubók barnsins.

Foreldrasjóður er við leikskólann og borgar hvert heimili, óháð fjölda barna, 500 krónur í hann fyrir hvern mánuð.

Samstarf leik og grunnskóla

Yngsta stigi grunnskólans er boðið að koma og taka þátt í því að endurvinnna pappír ásamt því að vinna á skapandi hátt úr verðlausu efni. Sama dag er farið í ýmsa hreyfileiki enda yfirskrift þessa dags „Sköpun og hreyfing“. Vordagur er í leikskólanum á hverju vori þar sem við fáum elstu nemendur grunnskólans í heimsókn og hjálpa þau okkur við að taka til á leikskólalóðinni og eftir hádegi koma yngstu nemendurnir í heimsókn. Elstu börn leikskólans munu eiga fastan tíma hjá kennara í grunnskóla frá áramótum.

Kirkjubæjarklaustri 23.11.2017

Guðrún Sigurðardóttir skólastjóri Heilsuleikskólans Kæribær.